

**Nd.**

**200. Frumvarp til laga**

**[31. mál]**

um byggingu og rekstur dagvistarheimla fyrir börn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. des.)

Samhljóða þskj. 31 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla, nr. 159/1969.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

9. gr. hljóðar svo:

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk eða leyfi til rekstrar dagvistarheimilis skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimilið sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.